

ÞRÍÞRAUTARSAMBAND ÍSLANDS
6.03.2022 (#1 2022-2023)
Fyrsti fundur nýrrar stjórnar

Stjórnarfundur er haldinn kl.16:00 heima hjá formanni

Mættir eru Valerie Maier sem jafnframt ritar fundargerð, Margrét Ágústsdóttir, Margrét Magnúsdóttir og Rún Friðriksdóttir

1. Þinggerð Þríþrautabingsins 26.2.22

Frestað til fundar #2

2. Stjórn skiptir með sér verkum

Tillaga um að gjaldkeri verið kjörin Margrét Ágústsdóttir, að varaformaður verður Jón Ágúst Gunnlaugsson og ritari verði Ingi Poulsen
Samþykkt

3. Stjórnarhættir og starf stjórnar

Fundartími ákveðinn á sunnudögum klukkan 17 og fundarboð verði sent á bæði aðal- og varamenn. Starfsmaður veitir aðgang að gögnum sambandsins.

Fram fara umræður um störf stjórnar, það starf sem unnið hefur verið og það sem framundan er.

4. Nefndir á vegum ÞRÍ og tillaga að stjórnarmönnum í nefndir

Lögð fram tillaga um að Rún Friðriksdóttir muni stýra **mótanefnd**

Samþykkt

Lögð fram tillaga um að Arnór Ásgeirsson muni stýra **Fræðslu- og útbreiðslunefnd**.

Samþykkt

Stjórn áréttar mikilvægi þess að þeir sem veljist til þess að starfa í þágu barna- og unglíngastarfs brenni af áhuga fyrir því að vinna með börn og unglíng. Markmið með starfi fræðslu- og útbreiðslunefndar er að ná til allra ekki bara afreks- og keppniskrakka heldur er mikilvægt að byggja upp fjölda í barna og unglíngastarfi.

Lögð fram tillaga um að Margrét M. verður formaður **dómaranefnd**.

Samþykkt

Stjórn áréttar að dómaranefnd þurfi að hefja vinnu við að skýra hlutverk yfirdómara og vinna að skýrari leiðbeiningum fyrir félögin um hvernig dómarasamskiptum skuli háttað. Mikilvægi

að viðkomandi dómari skuldbindi sig fyrir mót sem viðkomandi er skráð fyrir. Bent er á að nefndin geti gert tillögu að dómargreiðslu, sem stjórn ÞRÍ mun afgreiða.

Lögð fram tillaga um að Sædís Jónsdóttir, Margrét Ágústsdóttir og Jón Ágúst Gunnlaugsson sitji í **afreksnefnd**.

Samþykkt

Stjórn áréttar það hlutverk nefndarinnar að búa til afrekshóp/landliðshóp sem æfir af og til saman utan þeirra félag með þjálfara sem ÞRÍ leggur til. Tryggja þarf að ekki komi til hagsmunaárekstra, t.d. meðlimir afrekshóp sitja ekki líka í afreksnefnd.

Lögð fram tillag aum að Ingi Poulsen stýrir **siðanefnd**

Samþykkt

5. Önnur mál

Þjálfarafræðsla 2022

Fram fer umræða um þjálfarafræðslu 2022. Stjórn áréttar mikilvægi þess að setja reglur og ramma um stuðning við námskeiðskostnað til félaga.

Greiðslur fyrir tímatöku og dómara 2022

Fram fer umræða um greiðslur fyrir tímatöku og dómara. Ákveðið að skoða fyrir næsta formannafund fyrirkomulag greiðsla vegna tímatöku.

Fram fer umræða um fyrirkomulag greiðsla til dómargreiðslur. Samþykkt að yfirdómari á móti fái meira greitt en aðrir dómara. Jafnframt ákveðið að vinna tillögu að dómargreiðslu fyrir fyrstu mót 2022. Dómaranefnd er falið að vinna tillögu að greiðslum fyrir næsta stjórnarfund sem kynntar verða á fyrsta formannafundi.

Lagt fram erindi 3N

Fram fer umræða um beiðni 3N um að þeirra keppni verði ákveðin draft legal.

Hafnað

Stjórn ÞRÍ leggur fram eftirfarandi bókun:

Það er afstaða stjórnar ÞRÍ íþróttin og umgjörð hennar sé ekki komin á þann stað að leyfa draft legal keppni vegna öryggissjónarmiða. Þar fyrir utan nefna WT reglur að ofursprettþrautir megi ekki vera draft legal.

Næsti stjórnarfundur

Lögð fram tillaga að næsta stjórnarfundur: 27.3.22

Samþykkt

Fundi slitið klukkan 17.35.